

Alþingi
Erindi nr. **P** 136/857
komudagur 13. 2. 2009



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2009

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, þskj. 506 — 280. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. BSRB er sammála því meginmarkmiði að í bankanum sé starfandi fagleg yfirstjórn og þar með reynt að tryggja að faglega sé staðið að ákvarðantöku við stjórn peningamála. Í ljósi þessa hefði BSRB talið ákjósanlegt að breyta einnig reglum um skipun fulltrúa bankaráðs á þann veg að hluti þeirra væri kosinn af öðrum en Alþingi. Erlendis tíðkast að fulltrúar kosnir af þjóðþingum skipa að jafnaði meirihluta bankaráðs en fulltrúar kosnir af öðrum aðilum minnihluta þess. Þá telur BSRB að eðlilegt væri að lögfest yrðu hæfisskilyrði fulltrúa bankaráðs en reglur þar um eru algengar í öðrum löndum. BSRB telur jafnframt athugunarvert að seðlabankastjóri skipi, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, beint eða óbeint nefndarmenn í peningastefnunefnd. Af þessu leiðir að endurskoðun á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands mætti vera ítarlegri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Bandalagið gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

1. 1. og 2. mgr. 3. gr. frumvarps (1. og 2. mgr. 23. gr.)

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um skipa skuli seðlabankastjóra að undangenginni auglýsingu. BSRB fagnar auglýsingarskyldunni þar sem með þeim hætti er tryggt að skipun í embætti seðlabankastjóra verði í samræmi við góða og vandaða stjórnsýsluhætti. Bandalagið telur á hinn bóginn að skilyrði um ákveðna menntun bankastjórans sé ofaukið og leggur til að það verði fellt út. Ein grundvallarregla stjórnsýsluréttar felur í sér að skipa skuli hæfustu aðilana sem völ er á í opinberar stöður og er þessi regla einnig leidd af lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (hér eftir nefnd

starfsmannalögin). Auglýsing á lausri stöðu þjónar þeim tilgangi að tryggja jafnræði, að allir sem hafa áhuga á tilteknu opinberu starfi eigi þess kost að sækja um það. Með auglýsingu er jafnframt lögð áhersla á að verðleikar eigi að ráða því hverjir fái störf hjá ríkinu. Einnig miðar reglan um auglýsingu á lausum störfum að því að ríkið eigi úr mörgum hæfum umsækjendum að velja. Telur BSRB að reglur stjórnslulaga og starfsmannalaga eigi að tryggja að faglegt mat leiði til ráðingar hæfasta aðila. Þannig sé einnig gætt að þeim faglegu sjónarmiðum sem taka þarf tillit til við skipun seðlabankastjóra. Starfssvið seðlabankastjóra er að mati bandalagsins ekki þess eðlis að tilgreina skuli nákvæmlega hvaða meistaraþróf umsækjendur skuli hafa lokið. Ýmsar aðrar leiðir eru færar til tryggingar faglegri ákvörðunartöku, t.a.m. að í lögnum verði kveðið á um að skipuð skuli sérstök umsagnarnefnd sem starfar skv. starfsreglum sem henni eru settar.

Einnig telur bandalagið að skilyrði um reynslu bankastjóra og þekkingu á peningamálum vera of þrönga þegar tekið er tillit til meginmarkmiðs Seðlabanka Íslands sem er að stuðla að stöðugu verðlagi, sbr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001.

BSRB leggur til eftirfarandi breytingu á 2. mgr. 3. gr. frumvarps (2. mgr. 23. gr.)

„Seðlabankastjóri skal hafa lokið meistaraþrófi á háskólastigi og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki Seðlabankans“

2. 3. mgr. 3. gr. frumvarps (3. mgr. 23. gr.)

Í greininni er kveðið á um að forfallist seðlabankastjóri geti forsætisráðherra sett annan seðlabankastjóra tímundið. BSRB telur eðlilegra að ákvæði laga um Seðlabanka Íslands kveði á um að skipa skuli staðgengil/varamann bankastjóra. Í öðrum löndum eru að jafnaði einnig skipaðir varamenn bankastjóra, einn eða fleiri.


3. 1. og 2. mgr. 4. gr. frumvarps (1. og 2. mgr. 24. gr.)

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um peningastefnunefnd sem tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í peningastefnuráðinu sitji auk seðlabankastjóra tveir yfirmenn bankans á sviði stefnumótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði peningamála skipaðir af seðlabankastjóra til þriggja ára. Samkvæmt frumvarpi þessu gæti því nefndin verið mynduð alfarið af einstaklingum sem seðlabankastjóri hefur skipað beint eða óbeint. Það er að mati BSRB ekki til þess fallið að auka trúverðugleika peningamálastefnu bankans né til tryggingar sjálfstæðrar ákvörðunartöku. Í öðrum

löndum þar sem reynsla er af slíkum nefndum hafa þær á að skipa fulltrúum bæði utan bankans og innan. Skipunartíminn er oftast lengri en þrjú ár og tryggt er að nefndarmenn láti ekki af störfum allir á sama árinu, heldur til skiptis, svo að þekking viðhaldist innan nefndarinnar en sjálfstæðis sé gætt. Þá eru slíkar nefndir ekki eingöngu skipaðar sérfræðingum í peningamálum. Sem dæmi má nefna að í Englandsbanka eru fjórir fulltrúar skipaðir sem starfa utan bankans og fimm fulltrúar sem starfa innan hans. Í peningastefnunefnd Englandsbanka eru einstaklingar með víðtæka reynslu af bankastarfsemi, atvinnumálum og stjórnun peningamála. Þá er einnig mismunandi eftir löndum hverjir innan bankans hafa með höndum peningastefnu landsins. Í norrænni löggjöf má sjá að reglur um skipun í nefndir, stjórnir eða ráð sem vinna að stjórn peningamála, eru að jafnaði ítarlegar um það hvernig skal skipa þá einstaklinga, tilgreind eru neikvæð hæfisskilyrði og í sumum tilfellum jákvæð hæfisskilyrði.

Í 4. gr. frumvarpsins er einnig kveðið á um að gera skuli opinberlega grein fyrir ákvörðunum peningastefnunefndarinnar og forsendum þeirra. Bandalagið leggur til að lögfest verði að fundargerðir nefndarinnar verði gerðar opinberar á vefsíðu Seðlabankans. Með þeim hætti væri stjórnarsýsla bankans opin og gagnsæ sem væri framlag í þágu þess markmiðs að bankinn hafi það traust sem nauðsynlegt er að hann njóti.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri